

18. nóvember 1983

1353

Nr. 757

AUGLÝSING

um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Reykjavík
o. fl. nr. 137 26. júlí 1971.

2. gr. orðist svo:

Daglegur afgreiðslutími smásöluverslana og annarra sölustaða, er samþykkt þessi tekur til, má vera sem hér segir, nema öðruvísi sé ákveðið í samþykktinni:

Mánudaga til föstudaga skal heimilt að opna sölustaði kl. 08.00 og lokað skal þeim eigi síðar en kl. 20.00. Föstudaga er þó heimilt að hafa þá opna til kl. 22.00.

Á laugardögum skal heimilt að hafa sölustaði opna kl. 08.00 til kl. 16.00.

Í desember skal auk þess heimilt að halda sölubúðum opnum þannig:

Annan laugardag til kl. 18.00, þriðja laugardag til kl. 22.00 og 23. desember til kl. 23.00. Beri 23. desember upp á sunnudag, skal heimilt að hafa opnar verslanir til kl. 23.00 laugardaginn 22. desember.

Borgarráð getur að höfðu samráði við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Kaupmannasamtök Íslands heimilað smásöluverslunum að halda vörusýningar á sölustað utan venjulegs afgreiðslutíma, enda fari engin sala fram.

Borgarráð getur að fenginni umsögn lögreglustjóra heimilað, að sölustaðir verði opnaðir fyrr en segir í grein þessari.

Samþykkt þessi, sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17. 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 18. nóvember 1983.

F. h. r.

Jón S. Ólafsson.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

15. nóvember 1983

AUGLÝSING

Nr. 758

um umferð í Njarðvík.

Að fenginni tillögu bæjarstjórnar Njarðvíkur og samkv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, er hér með ákveðið, að biðskylda samkv. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga verði á Þórústíg gagnvart umferð eftir Brekkustíg í Njarðvík.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Lögreglustjórinn í Njarðvík, 15. nóvember 1983.

Jón Eysteinnsson.